

AÐALFUNDUR 2022

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

5.0

AFGREIÐSLA MARKMIÐA OG STARFSÁÆTLUNAR NÆSTA ÁRS

Helstu áherslur í starfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2022-2023, lagðar fram á aðalfundi Fíh 12. maí 2022.

Kjaramál og starfsumhverfi

Meginverkefni stjórnar eru kjaramál og undirbúningur fyrir komandi kjarasamninga með áherslu á að leiðrétta kynbundinn launamun. Haldin verður kjararáðstefna og kannanir gerðar á kjörum, starfsumhverfi, öryggi og vinnuvernd.

Lögð verður áhersla á að knýja fram lagasetningu um mönnunarviðmið í heilbrigðiskerfinu til að bæta öryggi og aðbúnað hjúkrunarfræðinga í starfi. Einnig lagabreytingar í tengslum við tilkynningar, rannsókn og málsmeðferð alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu.

Áfram verður öflug og aðgengileg fræðsla fyrir trúnaðarmannaráð og trúnaðarmenn.

Hjúkrun og samfélagið

Lögð verður áhersla á fræðslu og stuðning fyrir hjúkrunarfræðinga til að mæta breyttum þörfum samfélagsins eftir heimsfaraldur.

Haldið verður áfram þróun á stafrænum lausnum til að bæta þjónustu við félagsmenn. Stuðningur og fræðsla við erlenda hjúkrunarfræðinga verður aukinn. Unnið verður samkvæmt aðgerðaáætlun á grundvelli viðhorfskannana til karlkyns hjúkrunarfræðinga til að stéttin endurspegli betur samfélagið.

Þekking og nýsköpun í hjúkrun

Lögð er áhersla á áframhaldandi þróun, þekkingu og vísindarannsóknnum í hjúkrun. Auka á frekara samstarf fag- og landsvæðadeilda um þekkingu í hjúkrun. Stuðla að aukinni nýsköpun í hjúkrun og hagkvæmni í heilbrigðiskerfinu ásamt nýjum þjónustuleiðum í samræmi við þarfir notenda hennar.

Forysta til árangurs

Hjúkrunarfræðingar sýni frumkvæði og forystu við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og veitingu hennar á öllum þjónustustigum. Áhersla verður á að efla leiðtoga í hjúkrun samkvæmt Alþjóðaráði hjúkrunarfræðinga (ICN) og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO).

Einnig þarf að endurverkja stöðu yfirhjúkrunarfræðings innan stjórnáslunnar í samræmi við tilmæli WHO til þess að bæta heilbrigðisþjónustu í landinu.

Fjölga þarf áfram markvisst sérfræðingum í hjúkrun og verður unnið samkvæmt stefnumiðum í stefnu félagsins til 2030 um forystu til árangurs.